

Stjórnarfundur þann 3. nóvember 2010 kl. 19:00
Hófst í K-húsinu við Hringbraut en lauk í nýju félagsheimili Keflavíkur í
Toyotahöllinni.

Mættir:, Sigurþór, Hjördís, Falur, Ásta, Júlíus, Friðrik, Sigurbjörg

1. Flytja gögn frá K-húsi og uppá Sunnubraut

2. Ípróttamælingar

Rætt um fitumælingar og hvernig staðið að þeim. Rætt hefur verið við yfirþjálfara um breytingar á framkvæmd þessara mælinga. Lagt til að gefin verði út blöðungur með útskýringum, einnig væri hugmynd að sundmönnum verði gefinn kostur á að samþykkja eða synja þátttöku í þessum mælingum. Þá væri hægt að miða þessar mælingar við 18 ára aldurinn. Verður rætt á stjórnarfundum ÍRB.

3. Ljósabekkjarmál

Vikar hefur óskað eftir að farið verði yfir stöðuna varðandi leiguna fyrir ljósabekkjaraðstöðuna. Þá þarf að ákveða hvað gert verður við aðstöðuna ef Vikar vill hætta að leigja aðstöðuna. Ákveðið að skoða að kaupa nýja ljósabekki og reka þá sjálf. Falur og Hjördís funda með Vikari varðandi framhaldið.

4. Ísinn í Vatnaveröld

Júlíus hefur verið í sambandi við Ragnar Örn vegna íssölu í Vatnaveröld. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um söluna og fyrirkomulag á íssölnunni.

5. Önnur mál

a) Skotdeildin hefur haft samband um að sameinast um tölvu í skrifstofurýmnum okkar í nýja félagsheimilinum. Fáum kostnaðaráætlun hjá skotdeildinni.